

**Atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneyti**

**Minnisblað**

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**  
Dagsetning: **02.10.2012**  
Málsnúmer: **ANR12090620**  
Bréfalykill: **4.3.4**

Efni: **Breytingar á sviði verðbréfavíðskipta vegna innleiðingar tilskipunar 2010/73/EB**

Á fundi utanríkismálanefndar Alþingis, þann 25. september, var óskað eftir nánari upplýsingum um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2012 er varðar verðbréfavíðskipti (tilskipun 2010/73/EB). Nánar tiltekið var þess óskað að útlistað yrði fyrir nefndinni hvaða breytingar gerðin hefði í för með sér á sviði verðbréfavíðskipta, en minnisblað þetta varpar ljósi á þær.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu um tilskipunina, en í svarbréfi til ráðuneytisins var áréttað að framkvæmd Fjármálaeftirlitsins breytist lítið sem ekkert við innleiðingu gerðarinnar. Þó telur eftirlitið mjög mikilvægt að neðangreindar breytingar verði innleiddar sem fyrst þar sem lýsingar sem FME staðfestir geta verið fluttar á milli landamæra en í dag getur eftirlitið ekki farið fram á að lýsingar séu gerðar með þeim hætti sem tilskipunin gerir ráð fyrir.

Verðbréf, sem taka á til víðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, eru háð útgáfu lýsinga ef tiltekin atriði eru fyrir hendi. Hér á landi byggja reglur um útgáfu lýsinga gagnert á evrópulöggjöf, en tilskipun 2010/73/EB (Prospectus) felur í sér breytingar á þeim reglum, nánar tiltekið tilskipun 2003/71/EB um lýsingar og tilskipun 2004/109/EB um gagnsæi. Hugtakið lýsing er samheiti yfir skjal eða skjöl sem þarf að gefa út vegna almenns útboðs eða töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Innleiðing tilskipunar 2010/73 hefur því í för með sér breytingar á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) og reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 millj. kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað. Þá hafa verið samþykktar breytingar á reglugerð nr. 809/2004/EB sem munu hafa í för með breytingar á reglugerð nr. 242/2006 um gildistöku hennar.

Helstu breytingarnar eru:

- **Þróskuldur á heildarfjárhæð útboða sem falla undir lýsingarákvæðin hækkar.** Útboðskaflinn í lögum um verðbréfavíðskipti mun ekki taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem eru undir EUR 5.000.000 en fjárhæðin var áður EUR 2.500.000. Fjárhæðin er jafnframt hækkuð vegna verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd og eru gefin út samfellt og með endurteknum hætti af lánastofnunum en hún fer úr EUR 50.000.000 í EUR 75.000.000. [42. gr. vvl]

- **Skilgreiningu á hæfum fjárfesti er breytt** en hún vísar nú til þess þegar einstaklingur eða lögaðili fellur undir skilgreininguna „fagfjárfestir“ skv. MiFID tilskipuninni. Í kjölfarið hættir Fjármálaeftirlitið að halda skrá yfir hæfa fjárfesta. [43. og 53. gr. vvl].
- **Breytingar eru gerðar á undanþágum frá gerð lýsinga.** Hægt verður að bjóða 150 aðilum að taka þátt í útboði án þess að gefa út lýsingu í stað 100 aðila áður. Þá hefur fjárhæð sem hver fjárfestir reiðir af hendi til kaupa á verðbréfum í hverju útboði og/eða nafnverð hverrar einingar sem gefin eru út verið hækkuð úr EUR 50.000 í EUR 100.000. Að auki eru undanþágur frá skyldunni til að gefa út lýsingu í tengslum við almenn útboð verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta af ákveðnum gerðum víkkuð út. Þessar breytingar auka möguleika smærri og meðalstórra fyrirtækja til að fara í útboð án þess að birta lýsingu. [50. gr. vvl.]
- **Einnig eru breytingar gerðar á innihalds- og formkröfum fyrir samantekt sem fylgir lýsingu en hún verður umfangsmeiri.** Að auki er fjárhæð vegna undanþágu frá gerð samantektar, þegar um er að ræða lýsingu vegna töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á verðbréfum sem ekki eru hlutabréfatengd, hækkuð úr EUR 50.000 í EUR 100.000. Þá er mengi tilfella sem ábyrgð útgefanda nær til víkkað umtalsvert. Skilgreind eru „lykilatriði“ (e. key information) sem koma skulu fram í samantektinni. Þá á að koma fram viðvörðun í samantektinni þess efnis að ábyrgð á efni hennar eigi einungis við að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, s.s. ef hún er villandi eða staðreyndir eða lykilupplýsingar vantar. [45. gr. vvl.]
- Minni kröfur eru gerðar til upplýsingagjafar fyrir tiltekin fyrirtæki sem vilja auka við hlutafé sitt með útgáfu forgangskaupréttu til hluthafa (e. pre-emptive rights issue). Einnig er slakað á kröfum um rekstrarsögu í ákveðnum tilfellum.
- **Innihalds- og formskilyrði fyrir grunnlýsingar, sem Fjármálaeftirlitið staðfestir, og endanlegir skilmálar þeirra, sem eru ekki staðfestir formlega, hafa verið hert.** Skýrt er kveðið á um hvaða upplýsingar ber að birta í grunnlýsingu annars vegar og endanlegum skilmálum hins vegar. Tilgangurinn er að útiloka að útgefendur birti mikilvægar upplýsingar í endanlegum skilmálum sem annars þyrfti að birta í viðauka við grunnlýsinguna.
- Þá mun gildistími lýsinga ekki lengur taka mið af opinberri birtingu heldur staðfestingu þeirrar, sem mun auðvelda Fjármálaeftirlitinu að halda utan um gildistíma lýsinga. [47. gr. vvl.]
- Útgefendur þurfa ekki lengur að senda Fjármálaeftirlitinu árlega skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum. Þessar upplýsingar nýttust Fjármálaeftirlitinu illa, að sögn eftirlitsins. [48. gr. vvl.]
- Þá hefur verið bætt við tilkynningarskyldu Fjármálaeftirlitsins til útgefanda þegar lýsing hefur verið tilkynnt til lögbærs yfirvalds í gistiríki. [11. gr. rgl. nr. 242/2006]
- Breytingar á reglugerð 809/2004/EB munu hafa í för með sér einhverjar breytingar á efni lýsinga, m.a. endanlegum skilmálum og samantekt. Eyðublaðið fyrir endanlega skilmála þarf að vera með ákveðnum hætti, upplýsingar sem þar eiga að koma fram eru flokkaðar eftir mikilvægi í flokka A, B og C. Samantektin verður í fimm töflum sem fylla þarf út en sérstakur viðauki á nú við um þær, viðauki XXII, en það mun auðvelda allan samanburð á milli lýsinga. Þá eru viðmiðunarfjárhæðir fyrir viðauka IV, V, VII, X, XII, XIII, XV, XVIII hækkaðar úr EUR 50.000 í EUR 100.000.